

Nr. 059 / 09 Skálafell ÁR 50***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 0100
Smíðaður: Marstad Noregi, 1959, stál
Stærð: 148,9 brl. 200 bt.
Mesta lengd: 29,91 m *Skráð lengd:* 27,42 m
Breidd: 6,4 m *Dýpt:* 5,9 m
Vél: Cummins, 589 Kw, 1988
Fjöldi skipverja: 6



Skálafell© Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júní 2009 var Skálafell ÁR 50 á togveiðum við SV ströndina. Veður: Hægviðri, undiralda.

Skipverji sem var að gera pokagrindina klára klemmdi þrjá fingur milli tveggja röra á grindinni með þeim afleiðingum að djúp sár mynduðust. Siglt var með slasaða til hafnar í Þorlákshöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að undiralda hreyfði skipið og skipverjinn missti aðeins jafnvægi, steig eitt skref afturábak og tók um leið í þverrör á pokagrindinni en þá slóst laus fótur (rör) í hendi hans;
- að slasaði sagði að vanalega væru tveir skipverjar að gera pokagrindina klára en hann var einn við það í þetta skipti.
- að skipstjóri sagði að misjafnt sé hvort einn eða tveir geri pokagrindina klára en augljóst sé að auðveldara sé að tveir vinni verkið þó einn geti það.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.